

Mánudaginn 15. jan. 1923.

Nr. 47/1923.

Guðmundur Danielsson

(Pjetur Magnússon)

gegn

Hreppsnefnd

Stafholtstungnahrepps

(Magnús Guðmundsson),

útaf aukaútsvari.

Úrskurður fúgetarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. ág. 1922:

Lögtaksgjörð sú, er hreppstjóri Borgarhrepps framkvæmdi 17. f. m. hjá Guðmundi Danielssyni, Svínaskarði, staðfestist hjer með.

Dómur hestarjettar.

Í 1. gr. laga nr. 50/1919 er komist svo að orði, að leggja megi útsvar á . . . leiguliðaafnot af jörð »svo sem slægjuafnot«, þótt engin ábúð fylgi . . . Samkv. þessu þóttist stefnda, hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps, hafa heimild til að leggja á áfrýjanda, Guðmund bónda Danielsson í Svínaskarði í Borgarhreppi, útsvar fyrir afnot hans af svokölluðu Sigmundarnesi, engjastykki í Stafholtstungnahreppi, enda lagði hún útsvar á Guðmund haustið 1921.

Eftir greinargerð flutningsmanns frumvarps til ofan nefndra laga á alþingi 1919, var tilgangur hans með nýmæli frumvarpsins, að girða betur, en gert þótti með eldri lögum, fyrir það, að kaupstaðarþúar og lausamenn gætu leigt slægjur hjá sveitabændum, án þess að hlutaðeigandi hreppur fengi nokkrar tekjur af slíkri slægnaleigu. Og af nefndarálitum beggja deilda, sjerstaklega efri deildar, má

ráða, að þingnefndirnar hafi litið líkt á tilgang nýmælisins.

Eftir því sem málið hefir verið flutt hjer í rjetti, má telja rjett og afnot áfrýjanda yfir Sigmundarnesi, er hann hefir girt, gamalt ítak Svignaskarðs í Haugaland í Stafholtstungum. En með því að álíta verður, bæði eftir orðum hjeraðlútandi laga og eftir greindum tilgangi þeirra, að sama eigi ekki að gilda um ítaksrjett, sem um venjulega slægna-leigu búlauss utansveitarmanns, þá brast stefndu heimild til að leggja útsvar á áfrýjanda. Ber því að fella fógetarjettarúrskurðinn úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefnda greiði áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti, og ákveðst hann 150 kr. Svo bera málfutningsmanni stefndu, sem fengið hefir gjafvörn hjer í rjetti, 80 kr. í málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Því dæmist rjett vera:

Fógetarjettarúrskurðurinn er feldur úr gildi.

Skipuðum málfutningsmanni stefndu, Magnúsi Guðmundssyni, bera 80 kr. málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Stefnda, hreppsnefndin í Stafholtstungnahreppi, greiði áfrýjanda, Guðmundi Danielssyni, 150 króna málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Síðastliðið haust lagði hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps 40 kr. aukaútsvar á Guðmund bónda Danielsson í Svignaskarði

fyrir afnot, er hann hefir af engjastykki á Sigmundarnesi, en Guðmundur neitaði að greiða, og var því úrskurðað, að taka mætti upphæðina lögtaki 27. júní þ. á. og lögtakið framkvæmt af hreppstjóra Borgarhrepps 17. f. m.

Gjörðarþoli hefir ekki mótmælt upphæð útsvarsins, en mótmælt því að hann væri útsvarsskyldur, og byggir hann mótmæli sín á því, að nes þetta sje metið með Svignaskarði og verði því að telja það tilheyrandi Borgarhreppi.

Í lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, er svo að orði kveðið: að leggja megi útvar á „leiguliðaaafnot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi“ og þar sem ummæli þessi eru svo skýr, ákveðin og víðtæk, virðist mál þetta aðeins geta oltið á því, hvort slægjublettur þessi liggi í Borgarhreppi eða Stafholtstungum, og verður ekki sjeð að það geti haft nokkur áhrif á úrslit þessa máls, hvort hann er metinn með heimalandi Svignaskarðs eða ekki, því ákvæði laganna eru svo skýr, að það útaf fyrir sig gæti ekki nægt til að undanþiggja slægjuafnot þessi útsvarsskyldu.

Það er kunnugt, að nes þetta liggur við Norðurá, og umlukt af löndum jarða, er tilheyra Stafholtstungnahreppi, og verður því ekki sjeð að nokkur vafi geti leikið á því, að engjastykki þetta liggi í Stafholtstungnahreppi, og verður því að líta svo á, sem hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps hafi í nefndri lagagrein haft heimild til að leggja útsvar á slægjuafnotin.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta lögtaksgjörðina.
